

VMA – kennslukönnun haustönn 2009

Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA er stefnt að því að 75% nemenda svari spurningunni *Á heildina á litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum* með því að svara *mjög sammála* eða *frekar sammála*.

Í kennslukönnun í VMA á **haustönn 2009** svara 84% nemenda spurningunni *Á heildina á litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum* með því að svara *mjög sammála* eða *frekar sammála*.

Meðaltal vorannar 2008 (74%), haustannar 2008 (78%), vorannar 2009 (81%) og nú á haustönn 2009 (84) við þessari spurningu er **79,25%** þannig að gæðamarkmið VMA við þessari spurningu nást miðað við meðaltal síðustu fjögurra anna. Gæðamarkmiðið við þessari spurningu þarf að skoða fyrir síðustu fjórar annir til að ná öllum skólanum inn í svörunina.

Einnig er spurningin *Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi* inni í gæðamarkmiðum skólans og þar er stefnt að því að 80% nemenda svari þeirri spurningu með því að svara *mjög sammála* eða *frekar sammála*.

Í kennslukönnuninni svara 87% nemenda spurningunni *Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi* með því að svara *mjög sammála* eða *frekar sammála*. Þessi spurning kemur ný inn í gæðamarkmið skólans og því ekki komið meðaltal síðustu anna varðandi þessa spurningu.

Könnunin á haustönn 2009 var lögð fyrir nemendur á viðskiptabraut, í UTN, teiknigreinum, vélstjórnargreinum og málmiðngreinum. Alls 17 kennarar.

Alls svöruðu 675 nemendur könnunni (sumir nemendur svara oftari en einu sinni ef þeir er hjá fleiri en einum kennara). Könnunin var í fyrsta skiptið gerð þannig að nemendur viðkomandi kennara fengu tölvupóst þar sem þeim var boðið að taka þátt í könnuninni í gegnum vefinn.

Sjálfsmatshópur var lagður niður tímabundið í þeirri mynd sem hann hefur við skólann síðustu ár. Áfangastjórar og aðstoðarskólameistari sáu um framkvæmd könnunarinnar haustönnina 2009.

Sigríður Huld Jónsdóttir
aðstoðarskólameistari VMA

Kennslukönnun haustönn 2009

Svarhlutfall þeirra sem svara spurningum í kennslumatinu á haustönn 2009 með því að svara *mjög sammála* eða *frekar sammála*.

	<i>*tekið út veit ekki/á ekki við</i>	
Nr	Spurning	
1	Kennarinn leitast við að hafa fjölbreytni í kennsluaðferðum	74,61
2	Kennarinn hefur örugga framkomu	89,15
3	Kennarinn er áhugasamur um það að ég taki framförum í náminu	83,46
4	Kennarinn gerir námið áhugavert	70,48
5	Samskipti mín við kennarann hafa verið góð	91,17
6	Kennarinn mismunar ekki nemendum	87,96
7	Ég get leitað til kennarans ef ég skil ekki námsefnið	90,45
8	Kennaranum hefur tekist að virkja mig til starfa	79,49
9	Kennarinn er stundvís	91,72
10	Kennarinn er vel skipulagður	90,60
11	Kennarinn hefur haldið athygli minni vel	75,15
12	Kennarinn hefur komið námsefni vel til skila	85,29
13	Fyrirlestrar/fyrirmæli kennara eru skýr og áheyrileg	85,78
14	Kennarinn hefur virst kunna vel sitt fag	92,69
15	Kennarinn hefur virst vel undirbúin(n)	91,99
	Meðaltal kennarans:	85,33
	<i>Spurningar er varða nemandann og áfangann:</i>	
16	Ég vinn almennt að því að ná góðum tókum á námsefninu í áfanganum	91,39
17	Ég tek þátt í hópavinnu til jafns við aðra í áfanganum	91,21
18	Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi	87,44
19	Námsgögn (bækur, vefsíður, verkefnahefti o.f.l.) í áfanganum eru viðunandi	88,61
20	Ég skila verkefnum í áfanganum á réttum tíma	90,62
21	Á heildina á litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum	84,35